

Fundir borgarráðs

Verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar

1. Reglulegir fundir borgarráðs eru haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkur á fimmtudögum og hefjast kl. 9.00. Undirbúningsfundir borgarráðs eru haldnir á þriðjudegi og hefjast einnig kl. 9.00.
2. Mál sem eiga að fara á dagskrá borgarráðs skulu hafa borist skrifstofu borgarstjórnar fyrir kl. 12.00 á mánudegi ásamt öllum fylgigögnum. Mál sem berast síðar eða er ekki skilað á fullnægjandi hátt fara á dagskrá undirbúningsfundar að viku liðinni.

Mál eru sett á dagskrá á eftirfarandi hátt:

- a. Tengiliður sviðs/skrifstofu sendir númeraðan lista með málum sviðs/skrifstofu á borgarradsgogn@reykjavik.is Málin eru sett á dagskrá í sömu röð og með sama heiti og á listanum. Einnig skal tilgreina hvort málin eru til framlagningar eða til afgreiðslu í borgarráði.
 - b. Tengiliður sviðs/skrifstofu vistar gögn á borgarráðsdrifi sínu í möppu sem merkt er með dagsetningu fundarins. Gögnin skulu vistuð undir sama nafni og númeri og á lista samkvæmt A-lið. Að jafnaði skal sameina gögn undir hverjum lið í einu skjali. Séu sum gögn með máli bundin trúnaði en önnur ekki skulu þau aðskilin og merkt sem slík.
3. Öllum málum sem óskað er eftir að fari á dagskrá borgarráðs skal fylgja undirritað bréf til ráðsins þar sem eftirfarandi kemur fram:
 - a. Forsaga málsins og málsnúmer.
 - b. Afgreiðsla í fagraði ef við á og bókanir ef við á.
 - c. Öll nauðsynleg fylgi- og kynningargögn, sem lögð voru fyrir viðkomandi fagrað ef við á.
 - d. Upplýsingar um það hvort óskað er staðfestingar borgarráðs á erindinu eða hvort um kynningu er að ræða.
 - e. Óskir um frekari meðferð erindisins s.s. opinbera birtingu eða frekari staðfestingu, t.a.m. hjá ráðuneyti.
 - f. Öll rafræn kynningargögn sem aðilar hyggjast nota við yfirferð erinda á fundi borgarráðs.

4. Ef erindið eða gögn sem fylgja því eru háð trúnaði og eiga ekki að fara í útsendingu skal aðskilja þau frá öðrum skjölum og auðkenna þau sérstaklega á áberandi hátt sem slík auk þess sem vekja skal athygli skrifstofu borgarstjórnar á trúnaðarmerkingunni og hversu lengi trúnaðurinn skal standa.
5. Mál sem enn eru í vinnslu og eru ekki tilbúin til afgreiðslu ráðsins skulu tilkynnt sérstaklega sem umræðumál á undirbúningsfundi og verða auðkennd sem slík á dagskrá fundarins.
6. Skrifstofa borgarstjórnar sendir dagskrá undirbúningsfundar til tengiliða sviða/skrifstofa um leið og hún liggur fyrir á mánudegi. Tengiliðir skulu yfirfara dagskrána á mánudegi og koma athugasemdum á framfæri eins skjótt og unnt er.
7. Á undirbúningsfund borgarráðs mæta, auk formanns borgarráðs og borgarstjóra, borgarritari, borgarlögmaður og þeir sviðsstjórar/skrifstofustjórar sem tilkynnt hafa mál á fundinn. Skrifstofustjóri borgarstjórnar skráir minnispunkta á fundinum og gerir drög að dagskrá borgarráðs.
8. Ef ákveðið er á undirbúningsfundi að vinna þarf frekar í máli sem er á dagskrá borgarráðs eða ef gögn eru ófullnægjandi, skal fullvinna málið án tafar og senda endanleg gögn eigi síðar en kl. 12:00 á þriðjudegi. Að öðrum kosti er málið tekið af dagskrá. Þegar breytingar eru gerðar á áður innsendum gögnum þ.m.t. þegar bætt er við skjölum eða skipt út skal tilkynna um breytingarnar á sama hátt og þegar mál eru sett á dagskrá, sjá 2. gr.
9. Borgarráð skal boðað til fundar með skriflegu rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. 40 klukkustundum fyrir fund. Dagskrá fundarins skal einnig birta á vef Reykjavíkurborgar ásamt þeim fundargögnum sem þegar eru opinber.
10. Starfsmenn borgarinnar og aðrir gestir sem borgarráð eða borgarstjóri óska eftir að taki sæti á fundum borgarráðs eru boðaðir af skrifstofu borgarstjórnar a.m.k. 24 klukkustundum fyrir fund.
11. Formaður borgarráðs stýrir fundum þess og skrifstofustjóri borgarstjórnar ritar fundargerð. Fundi borgarráðs sitja borgarstjóri, borgarráðsmenn, áheyrnarfulltrúar, borgarritari og borgarlögmaður.

12. Bréf með tilkynningu um afgreiðslu borgarráðs eru að jafnaði send á föstudegi eftir fund til þeirra aðila sem tilkynntu málið á dagskrá nema óskað hafi verið eftir öðru fyrirkomulagi. Beiðnir um slíkt skulu berast skrifstofu borgarstjórnar tímanlega. Tilkynningabréf eru send í bréfpósti nema óskað hafi verið eftir öðru.
13. Þegar borgarráð vísar málum til umsagnar og/eða yfirferðar annars staðar innan Reykjavíkurborgar eftir undirbúningsfund eða af fundi borgarráðs er að jafnaði veittur 21 dags frestur. Ef ekki er unnt að afgreiða erindið innan frestsins, skal upplýsa skrifstofu borgarstjórnar um dráttinn, ástæður hans og tímasetningu endanlegra skila. Óskað er eftir því að erindið sem sent var til umsagnar fylgi umsögninni aftur til borgarráðs til að tryggja sameiginlegan skilning um það hvaða mál er undir.
14. Skrifstofa borgarstjórnar sendir hverju sviði/skrifstofu reglulega yfirlit yfir þau mál sem eru útistandandi og hvenær gert er ráð fyrir svari/umsögn. Að fresti liðnum fara málin sjálfkrafa á dagskrá undirbúningsfundar ef ekki hefur verið óskað eftir frekari fresti.
15. Þegar málum er vísað til meðferðar annars staðar innan borgarkerfisins eftir undirbúningsfund eða af fundi borgarráðs skal það fagsvið/skrifstofa sem fær málið til umfjöllunar tilkynna borgarráði sérstaklega um framvindu og afgreiðslu málsins að þremur mánuðum liðnum, eða þegar endanleg afgreiðsla liggur fyrir.

Skrifstofa borgarstjórnar
Reykjavík, 18. ágúst 2020

Viðauki I.
Svar til borgarráðs við fyrirspurn.

Viðauki II.
Umsögn til borgarráðs um tillögu.

Viðauki III.
Tilkynning í tölvupósti – númeraður listi

Viðauki IV.
Skil gagna, mynd

Viðauki I Svar til borgarráðs við fyrirspurn

Reykjavík, dd. mm.áá
R-málsnúmer
Höf

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa (flokkur/ar) um (heiti máls samkvæmt skráningu í málaskrá).

Á fundi borgarráðs þann (dd.mm.sl.) var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa (flokkur/ar):

Taka inn texta fyrirspurnar orðrétt hér inn.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar (nafn sviðs/skrifstofu/fyrirtækis) með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags dd.mm.sl.

Svar við fyrirspurn:

Hér á að koma svar við fyrirspurninni.

Undirritun (nafn starfsmanns)
starfsheiti

Hjálagt:
Fylgigögn ef einhver eru.

Viðauki II

Umsögn til borgarráðs um tillögu.

Reykjavík, dd. mm.áá
R-málsnúmer
Höf

Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa (flokkur/ar) um (heiti máls samkvæmt skráningu í málaskrá).

Á fundi borgarráðs þann (dd.mm.sl.) var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa (flokkur/ar):

Taka inn texta tillögunnar orðrétt hér inn án greinargerðar ef hún fylgir.

Tillögunni var vísað til umsagnar (nafn sviðs/skrifstofu/fyrirtækis) með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags dd.mm.sl.

Umsögn:

Hér á að koma umsögn við tillöguna.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillagan verði samþykkt/felld/vísað frá.

Undirritun (nafn starfsmanns)
starfsheiti

Hjálagt:
Fylgigögn ef einhver eru.

Viðauki III. Tilkynning í tölvupósti – númeraður listi

Frá: Nafn sviðs/skrifstofu/fyrirtækis

Sent: mánudagur, 11. maí 2020 11:14 (athuga að senda fyrir kl. 12.00 á mánudegi)

Til: Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>

Efni: Mál sviðs/skrifstofu/fyrirtækis fyrir fund borgarráðs fimmtudaginn dd. mm. nk.

Góðan dag.

Neðangreind eru mál sviðs/skrifstofu/fyrirtækis sem óskað er eftir að verði tekin fyrir á fundi borgarráðs á fimmtudaginn dd. mm. nk.

Gögnin hafa þegar verið vistuð á S:\RHUS_RSKBS\UBR gögn til borgarráðs\20 ágúst 2020





1. Minnisblað umbótaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna erindis Landssamtaka ullarframleiðanda – R22050231
Framlagning
2. Tillaga Framkvæmdaráðs Reykjavíkur um endurskoðun á viðbragðsáætlun skautasvæða - R22050531
Til afgreiðslu
3. Umsögn umbótaskrifstofu Reykjavíkurborgar um tillögu borgarráðsfulltrúa Framfaraflokksins um hækkun á framlögum í björgunarsjóð. – **trúnaðarmál** R22050521
Til afgreiðslu
4. Svar umbótaskrifstofu Reykjavíkurborgar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Hægriflokksins um fjölda stöðugilda á umbótaskrifstofunni 1999.
Framlagning

Með kveðju,

Heiti stafsmanns og starfsheiti

Viðauki IV. Skil gagna, mynd

> Þessi tölva > Sameignir (S:) > RHUS_RSKBS > UBR gögn til borgarráðs > 20 ágúst 2020

Heiti	Breytt þann	Gerð	Stærð
 1. Minnisblað umbótaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna erindis Landssamtaka ullarframleiðanda – R225231	18.8.2020 1...	Chrome HTML Do...	138 KB
 2. Tillaga Framkvæmdaráðs Reykjavíkur um endurskoðun á viðbragðsáætlun skautasvæða - R225531	18.8.2020 1...	Chrome HTML Do...	138 KB
 3. Umsögn umbótaskrifstofu Reykjavíkurborgar um tillögu borgarráðsfulltrúa Framfaraflokksins um hækkun á framlög...	18.8.2020 1...	Chrome HTML Do...	138 KB
 4. Svar umbótaskrifstofu Reykjavíkurborgar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Hægriflokksins um fjölda stöðugilda á um...	18.8.2020 1...	Chrome HTML Do...	138 KB